

REIKNINGUR

Þjóðhátíðarsjóðs fyrir árið 1981.

	Kr.	Kr.
Eignir:		
Spariskírteini ríkissjóðs		10 827 110,00
Innstæða á hlr. 40091 í Seðlabanka		775 165,12
		<hr/>
		11 602 275,12
Skuldir:		
Ósóttir styrkir frá 1978		600,00
Ósóttir styrkir frá 1979		35 000,00
Ósóttir styrkir frá 1981		117 500,00
Höfuðstóll hinn 31/12 1980	9 155 154,51	
Tekjur umfram gjöld	2 294 020,61	11 449 175,12
		<hr/>
		11 602 275,12
Tekjur:		
Vextir af hlr. 40091		681 131,61
Verðhækkun spariskírteina		3 544 481,00
		<hr/>
		4 225 612,61
Gjöld:		
Styrkveitingar 1981		1 920 000,00
Ýmiss kostnaður		11 592,00
Tekjur umfram gjöld		2 294 020,61
		<hr/>
		4 225 612,61

Reikningsskil þessi hafa verið endurskoðuð og ekkert fundist athugavert.

Ríkisendurskoðun, Reykjavík, 28. júní 1982.

Halldór V. Sigurðsson
Stjórn þjóðhátíðarsjóðs,

Björn Bjarnason
Eysteinn Jónsson

Jóhannes Norðdal

Gils Guðmundsson
Gísli Jónsson

26. júlí 1982.

Nr. 456.

REGLUR

um kynningu á íslenskum bókmenntum erlendis.

1. gr.

Stofna skal bókmenntakynningarsjóð. Tekjur sjóðsins eru:

1. Árleg fjárveiting í fjárlögum.
2. Aðrar tekjur, er sjóðnum kunna að hlotnast.

2. gr.

Meginhlutverk sjóðsins er að kynna íslenskar bókmenntir erlendis í þeim tilgangi, að íslensk skáldverk verði gefin út á erlendum málum í bókarformi, birt í tímaritum og flutt í leikhúsum, útvarpi og sjónvarpi.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn. Skulu tveir tilnefndir af stjórn Rithöfundasambands Íslands, en formaður skipaður af ráðherra, án tilnefningar.

Endurprentað blað.

4. gr.

Sjóðstjórn skal heimilt að lausráða starfsfólk eftir því sem fjárráð leyfa til þess að vinna að kynningu þessari. Stjórnin tekur endanlega ákvörðun um val á verkum til kynningar.

5. gr.

Kynning á verkum skal fyrst og fremst fólgin í því að semja lýsingu á útdrætti úr einstökum verkum og að annast þýðingu á sýnishornum úr þeim til þess að koma á framfæri við útgefendur og fjölmiðla.

6. gr.

Heimilt er að veita styrki úr sjóðnum til þýðenda íslenskra bókmennta á önnur tungumál til þess að gera þeim kleift að koma hingað til lands til að vinna að þýðingum og fá innsýn í það helsta, sem er að gerast í íslenskum bókmenntum.

7. gr.

Heimilt er einnig að stuðla að annars konar kynningu á íslenskum bókmenntum erlendis, svo sem með fyrirlestrum, umfjöllun og flutningi.

8. gr.

Reglur þessar skulu endurskoðaðar fjórum árum eftir gildistöku þeirra.

Menntamálaráðuneytið, 26. júlí 1982.

Ingvar Gíslason.

Knútur Hallsson

AUGLÝSING

um umferð í Seyðisfjardarkaupstað.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Seyðisfjarðar, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Seyðisfjardarkaupstað.

1. Umferð um Austurveg að Hafnargötu, Hafnargötu að Strandarvegi, Strandarvegi að grindarhliði við Flýsarhúsalæk njóti aðalbrautarréttar fyrir umferð af aðliggjandi götum sbr. ákv. 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
2. Umferð um Múlaveg að Brekkugötu, Brekkugötu að Austurvegi, njóti aðalbrautaréttar fyrir umferð af aðliggjandi götum sbr. ákv. 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
3. Stöðvunarskylda verði fyrir umferð frá Brekkugötu að Austurvegi sbr. ákv. 2., sbr. 5. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
4. Umferð um Ránargötu njóti aðalbrautaréttar fyrir umferð af aðliggjandi götum, sbr. ákv. 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
5. Umferð um Vesturveg njóti aðalbrautarréttar fyrir umferð af aðliggjandi götum sbr. ákv. 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
6. Umferð um Bjólfsgötu njóti aðalbrautarréttar fyrir umferð af aðliggjandi götum, sbr. ákv. 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Reglur þessar taki þegar gildi.

Lögreglustjórnin á Seyðisfirði, 22. júlí 1982.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson, ftr.